

## Fundargerð skólaráðs Akurskóla

**Fundur haldinn í Akurskóla 22.febrúar 2016 frá klukkan 16:00-17:00**

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Gróa Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri, Katrín Jóna Ólafsdóttir og Ragna Finnsdóttir fulltrúar kennara. Sigurrós Friðbjarnardóttir fulltrúi starfsmanna, Júlía Jörgensdóttir og Hrefna Díana Viðarsdóttir fulltrúar foreldra. Samúel Giovanni Luppi og Perla Sóley Arinbjörnsdóttir fulltrúar nemenda og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins.

### **Dagskrá:**

- 1.mál** Skóladagatal 2016-2017.
- 2.mál** Samræmd próf á næsta skólaári.
- 3.mál.** Vitnisburður í 10.bekk í vor.
- 4.mál** Skólanámskrá Akurskóla – endurskoðun á almennum hluta.
- 5.mál** Önnur mál.
  - a. Smávægileg breyting á skóladagatali 2015-2016. Færsla á árs hátíð.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **1.mál Skóladagatal 2016-2017.**

Sigurbjörg kynnti og fór yfir. Skólaárið er skipt í tvær annir og er vitnisburður í janúar og júní. Að öðru leyti er skóladagatalið hefðbundið, skertir dagar, starfsdagar og vetrarfrí.

- Fulltrúar í skólaráði skrifuðu undir blað til staðfestingar á samþykki skóladagatals.

### **2.mál Samræmd próf á næsta skólaári.**

Sigurbjörg fór yfir breytingar á samræmdu prófum hjá 4., 7. og 10.bekk.

- Samræmdu prófin verða rafræn hjá 4. og 7.bekk.

- 9. og 10.bekkur fer á sama tíma að vori, mars. Þetta er eina skiptið sem báðir bekkirnir verða saman en framvegis verður prófið að vori í 9.bekk. Þetta próf verði einnig rafrænt.
- Menntamálastofnun er komin með tengilið við FRÆ um tölvukost grunnskólanna.

### **3.mál Vitnisburður í 10.bekk í vor.**

Breytingar eru á vitnisburði hjá 10.bekk í vor en þá verður gefið í A, B, C og D.

Akurskóli er að undirbúa þessar breytingar og mun fara millibilsleið að þessu sinni sem hefur verið samþykkt hjá Menntamálastofnun. Þar sem tölum er blandað saman við bókstafi, þ.e. ef ég fæ 90 stig í prófi þá fæ ég B.

- Fyrir næsta skólaár verður farið í markvissa vinnu í vinnuumhverfið í Mentor. Sjónræn greining á bakvið bókstafina út frá hæfnimarkmiðum aðalnámskrár.
- Kennarar vinna svo að því að setja upp fyrirmæli um markmið með hverjum bókstaf svo nemandinn geri sér grein fyrir hvers er ætlast til af honum í verkefnum.
- Lagt verður upp með að breytingarnar eigi við 8. – 10.bekk.

### **4.mál Skólanámskrá Akurskóla – endurskoðun á almenntum hluta.**

Sigurbjörg lagði fram fyrstu drög að endurskoðun skólanámskrá Akurskóla. Þetta rit breytist ekki mikið á milli ára. Nýjar áherslur bætast við og breytingar á starfsmannamálum. Skólanámskráin verður lögð fyrir í október 2016 og samþykkt.

- Búið er að leggja þessi drög fyrir kennarahópinn einu sinni.

### **5.mál Önnur mál.**

a. Smávægileg breyting á skóladagatali 2015-2016. Færsla á árshátíð.

- Árshátíðin verður nú fyrir 1. - 6. bekk á einni hátíð í íþróttahúsinu og kaffiveitingar inni í skóla þann 11. mars.

- Árshátíðin verður fimmtudagskvöldið 10. mars fyrir 7. – 10.bekk og ball. Skóladagurinn þeirra verður um kvöldið og frí á föstudeginum.

b. Lestrarstefna Akurskóla er í vinnslu og stefnt að því að gefa hana út að vori 2016.

c. Katrín ræddi um hlutverk bekkjarfulltrúa.

- Hrefna fulltrúi foreldrafélagsins ræddi um hvað það er erfitt að virkja þá og hvað við getum gert!

d. Hrefna ræddi um félagsstarf fyrir nemendur. Væri ekki möguleiki á að vera með meira félagslíf fyrir nemendurna? Mikilvægt að slíkt starf frítt. Perla og Samúel taka þessar umræður fyrir hjá nemendaráði fyrir t.d. miðstig og uppúr.

e. Sigurbjörg sagði frá fjölbreyttri heilsueflingu fyrir starfsfólk einu sinni í viku í 40 mínútur í senn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:00.

Fundargerð þessa ritaði

Gróa Axelsdóttir

Aðstoðarskólastjóri Akurskóla